



Flórgoðinn

“Velliðan, góður námsárangur og vönduð vinnubrögð”

Mikilvæg atriði

- Skólafatnaður afgreiddur í vikunni.
- Nemendum fjölgar úr 250 í rúmlega 320 á þessu skólaári.
- 30 kennarar starfa í Áslandsskóla í vetur.
- Hlutfall kennara rúmlega 90%.
- 13 aðrir starfsmenn í skólanum og heildarfjöldi starfsmanna því 43.



„.....að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem velliðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

*Ég sat í garði
fullum af blómum
hlæjandi og skrikjandi blómum
gulum, rauðum og bláum blómum
og ég elskaði þau
öll*

*og ég óskaði þess heitt
að það hefðu verið mínar hendur
sem rótuðu í moldinni
til að gróðursetja þessi
lifandi fræ.*

Velkomin til starfa á ný. Áslandsskóli er nú að hefja sitt þriðja starfsár. Hin fyrri starfsár hafa að mínu mati of mikið einkennst af umróti og breytingum. Það er von mín og trú að nú takist að koma á festu og markvissu skipulagi, nemendum, starfsfólki og öllum í skólasamfélaginu til heilla.

Vissulega eru þó nokkrar breytingar á starfsliði skólans, einkum kennurum, þegar þetta skólaár hefst. Slíkt var óumflýjanlegt t.d. vegna mikils fjölda leiðbeinenda sem starfaði við skólann á liðnum vetri. Samkvæmt mínum upplýsingum var hlutfall réttindakennara um 35% við skólabyrjun 2002-2003 en er yfir 90% á þessu skólaári. Til starfa hafa ráðist öflugir og metnaðarfullir starfsmenn, með það eitt að leiðarljósi að gera hér

góðan skóla. Alls munu 30 kennarar starfa við skólann í vetur, þar af 17 með umsjón með bekk/heimi.

En það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem velliðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans. Þá er einnig lykilatriði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

Það tekur lengri tíma en 2-3 ár að byggja upp samfélag í skólanum okkar. En vissulega miðar okkur nokkuð vel að okkar mati.

Hópur nemenda er að koma í skólann okkar í fyrsta skipti og sumir þeirra að hefja skólagöngu sína. Það hlýtur að vera mikið tilhökunarefni að ganga í svo glæsilegan skóla sem Áslandsskóli er. Því er mikilvægt að við náum sameiginlega að byggja upp öflugt innra starf, umbúðirnar eru fyrsta flokks.

Nokkrar grunnreglur og umgengnisvenjur hafa tekið nokkrum breytingum frá í fyrra og hafa þær verið kynntar nemendum. Þær verða kynntar enn frekar í Skólavísi Áslandsskóla sem mun lita dagsins ljós á næstu misserum. Má þar nefna að við upphaf skóladags koma nemendur í röð við þá stofu sem þeir eiga að fara í. Eftir hverjar frímínútur fara nemendur síðan í röð við sinn inngang. Einnig má nefna að í matartíma hefur hver bekkur/heimur sitt borð til að matast við, hvort sem nemendur eru í mataráskrift eða með hressingu að heiman.

Nýtt og glæsilegt vefsetur skólans er í smíðum. Ástríður Einarsdóttir, kennari í Fjallheimum, mun ritstýra vefnum www.aslandsskoli.is. Allir eru hvattir til að vafra um vefinn okkar og koma með ábendingar ef einhverjar eru.

Að lokum óska ég okkur öllum ánægjulegs og árangursríks skólaárs. Minnum hvort annað á að huga alltaf vel að þeim “lifandi fræjum sem gróðursett hafa verið í moldinni okkar”.

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

Skólafatnaður tekinn í notkun mánudaginn 15. september

Skólafatnaður Áslandsskóla er nú kominn úr merkingu. Búið er að setja hið nýja og glæsilega skólamerki á fatnaðinn. Það tók drjúgan tíma eins og gefur að skilja. Eins og áður hefur verið útgefið munu nemendur í 1. – 7. bekk klæðast fleece peysu, bolum (stutterma eða langerma) og buxum. Nemendur í unglingadeild munu klæðast bolum(stutterma og langerma) og fleece peysu. Ákveðið hefur verið að útbúa sérstakan háskólaból fyrir unglingadeildina og verður það auglýst í næsta Flórigoða.

- Fatnaðurinn kom í hús í dag **mánudaginn 8. september**.
- **Miðvikudaginn 10. september** milli kl. 15:00 og 17:00 geta þeir sem eiga slíkt eftir, komið og **mátað og klárað pöntun**.
- **Fimmtudaginn 11. september** og **föstudaginn 12. september** milli kl. 15:00 og 17:00 verður **fatnaðurinn síðan afgreiddur**.

Fyrsti dagurinn með nýjum skólafatnaði verður síðan mánudagurinn 15. september.

Mikilvægt er að hafa í huga að fatnaðurinn verður aðeins afgreiddur gegn framvísun bankakvittunar. Þ.e. fólk verður að sýna fram á að greiðsla hefur átt sér stað við afhendingu fatnaðar.

Afgreiðslan nú miðast við alla árganga skólans en eins og áður segir er hugsunin að útbúa sérstakan háskólaból eða hettupeysu fyrir nemendur í unglingadeild.

Skólafatnaðurinn var merktur í Myndsauði á Reykjavíkurvegi og er auðvelt fyrir foreldra að koma þar við og láta sauma nöfn nemenda í fatnaðinn gegn vægu gjaldi.

Nú skiptir samtakamáttur okkar allra öllu máli.

Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.



NÝTT VEFSETUR

Nýtt vefsetur Áslandsskóla var opnað á haustmánuðum. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, fréttir, Flórigoðann, myndasafn, upplýsingar frá foreldrafélagi og –ráði ásamt ýmsum frekari upplýsingum.

Ástríður Einarsdóttir, kennari í Fjallheimum, hannaði vefinn og ritstýrir honum. Ýmiss konar eyðublöð og dreifirit koma á vefinn.

www.aslandsskoli.is



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is

Flórigoðinn
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson, skólastjóri